



Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar

Vortónleikar Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar verða haldnir laugardaginn 30. apríl kl 13:00 á Sal Valsárskóla. Í þetta sinn sláum við upp stórsýningu þar sem Júróvísjón lög verða í aðalhlutverki. Við getum lofað miklu stuði og fjöri og það er víst að allir geti sungið með. Við innganginn munu nemendur selja fána, popp og gos og allur ágóði renna í tómsfundasjóð, sem Rauði Krossinn sér um, fyrir börn flóttafólksins sem kom til Akureyrar nú í vetur. Aðgangur á tónleikana er ókeypis og allir velkomnir.

Staðfestingar nemenda fyrir skólaárið 2016-2017 standa nú yfir.

Innritun nýnema er einnig opin til 1. maí og tekið er við nýjum umsóknum og öllum fyrirspurnum í tölvupósti tonlist@svalbardsstrond.is.

Sjáumst vonandi sem flest laugardaginn 30. apríl kl 13:00 í Júróvísjónstuði.

Með bestu kveðjum frá Tónlistarskólanum

Bókasafn

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri. Það er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Næstu rusladagar

- 20. apríl - Almenn tónleikar
- 4. maí - Almenn tónleikar
- 12. maí - Endurvinnsla
- 19. maí - Almenn tónleikar

Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Klósettpappír: 48 WC-rúllur kosta 7.000 kr., 24 WC-rúllur kosta 3.500 kr. Til að panta pappír má hafa samband við Jónu Valdísi í síma 848-7214 eða í tölvupósti á netfangið jonav@internet.is.

Barnahátíð í Laufási 8.maí

Á mæðradaginn sunnudaginn 8. maí verður uppskeruhátíð barnastarfsins í Laufási og hefst klukkan 14 í Laufáskirkju. Síðan verða grillaðar pylsur og hoppukastali. Almenn gleði og lömb í útihúsum í Laufási. Verið öll hjartanlega velkomin!

Safnasafnið

Gestir spyrja iðulega hvað Safnasafnið sé og hvort það leggist í dvala á vetrum svo stofnendur geti farið í frí til útlanda. Fyrri spurningunni er svarað þannig að safnið sé viðurkennt samkvæmt safnalögum og hafi hlotið Eyrarrósina 2012, það sé umgjörð um íslenska alþýðulist og hugsjón sem felur í sér auðmýkt gagnvart sköpunargáfu fólks sem leitar svars við erfiðar aðstæður, að það sé reist á löngun til að hlúa að fólki sem stendur tæpt í margs skonar skilningi og gefa því tækifæri til að þroska gáfur sínar. Stofnendur horfi til framtíðar og leggi allt í sölurnar til að efla og næra afskiptan akur í listalífi þjóðarinnar, og þeir hafi öðlast það sem er ofar veraldlegum ávinningi: hlutdeild í hamingju listamanna sem leggja líf og sál í verk sín og vita að þeir eiga öruggt athvarf í safninu þar sem verk þeirra eru varðveitt og þeim miðlað til komandi kynslóða. Síðari spurningunni er svarað með því að upplýsa um innra starf sem unnið er 10-12 tíma á sólarhring, alla daga ársins, að meðtöldum stórhátíðum. Til þess að kynna fyrir lesendum þessa fréttablaðs hvað stofnendur og stjórn gerðu í vetur má til dæmis segja frá því að listaverkageymslan var tæmd, þrífín og máluð, sett upp ný hillukerfi og verkunum raðað inn í þau, og innréttuð var rannsóknar- og skráningarstofa í veitingarýminu þar sem unnið verður að mikilvægum verkefnum á komandi árum. Til að gera

nánari grein fyrir verkefnum kemur hér upptalning á niðurstöðum nokkurra þeirra:

Í sumar verður kynnt fagurfræðileg úttekt á verkum Þórðar Valdimarssonar, sem kallaði sig Kikó korriró, en fjölskylda hans færði safninu í fyrra um 120-130.000 teikningar og hraðskissur, einnig klippimyndir, skúlptúra og ýmsa forvitnilega muni. Í nýstárlegri innsetningu eru ljósmyndir af Þórði ásamt frægum kvikmyndastjörnum í Hollywood 1946, teikningar og gripir af heimili hans. Unnið er með viðarlit, hvítt, grátt, messing, svart, appelsínugult og rautt til að ná fram heildstæðum áhrifum.



Skemmtikrafturinn heimsfræði Bob Hope og Þórður Valdimarsson í Hollywood 1946

Gerð var ítarleg úttekt á grunndeild safneignarinnar, 6.024 verkum, og sett upp sýning í tilefni af útgáfu á Sýnisbók safneignar 1, með verkum eftir þekktu myndlistarmenn á veggjum, en á gólfi eru 70 stytur eftir sjálflærðan mann, Björn Líndal Guðmundsson [1906-1994] frá Laufási í Víðidal.

Þá fór fram nákvæm greiningarvinna og skrásetning á úrvali textílverka fyrir útgáfu á Sýnisbók safneignar 2, og eftir til sýningar þar sem Logi Höskuldsson í Reykjavík er með flosverk á móti útsaumsverkum eftir 33 óþekktar hannyrðakonur. Aðrir sem sýna verk eru nemendur Leikskólans Álfaborgar, Valsárskóla og Grenivíkurskóla, einnig Hulda Hákon og Gígja Thoroddsen, búsettir í Reykjavík, Jarek Lenski sem býr í Kópavogi og Scott Krynak í Washington.

Safnið verður formlega opnað laugardaginn 14. maí kl. 14:00 og verður auglýst síðar í Dagskránni. Þess er vænst að Ströndungar, búandi og brottfluttir, taki frá tíma og flykkist á staðinn til að njóta veitinga og sýninga, en ekki síst til að gleðjast saman í vorblíðunni.

Með vorkveðju, Niels Hafstein

Breyting á dreifingu Ströndungs

Ströndungur mun hér eftir koma út ýmist á miðvikudegi eða fimmtudegi, fer eftir dreifingu Póstsins. Hægt verður að skila efni til kl. 16 á mánudegi eða þriðjudegi fyrir dreifingu.

Ef þú vilt vera á póstlista og fá áminningu um hvenær skuli skila efni til birtingar láttu vita á netfangið sandra.einars@gmail.com.

Litið um öxl

Birtist í Norðra í desember 1910.

Uppboð

*á síldveiðahúsinu í Dældum á Svalbarðsströnd verður haldið
þriðjudaginn 31. jan. 1911. Húsið verður selt með lóðarréttindum og
bryggju og svo verða ýms áhöld til síldveiða seld.*

Uppboðið byrjar kl. 12 á hádegi í húsinu sjálfu.

Í umboði eigandans,

Eggert Laxdal.

Norðri, 48. tbl. (14.12.1910), bls. 192

http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2285379

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 19. maí.